

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 66/2025

2025/EES/38/24

frá 14. mars 2025

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1303 frá 25. apríl 2022 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar skilgreiningu og kröfur varðandi etanol úr landbúnaði ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um brennda drykki. Ákvæði löggjafar um brennda drykki skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 9. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787) í XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 1303:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1303 frá 25. apríl 2022 (Stjtið. ESB L 197, 26.7.2022, bls. 71).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1303, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 197, 26.7.2022, bls. 71.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.